

Ed.

131. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við 11. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, sem verði 12. og 13. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan á eftir samkv. því):

- A. (12. gr.). Heimilt er 6 eða fleirum nautgriparéktarfélagum að stofna með sér samband, ef þau hafa á sambandssvæðinu 1000 kýr eða fleiri, og setja sér samþykktir og starfsreglur eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands gefur. Í samþykktum sé, meðal annars, ákveðið sameiginlegt eftirlit félaganna og upplýsingastarfsemi um beztu kynstofnana, að fitumælingar séu eigi færri en 6, að auk venjulegrar ættfærslu nautgriparéktarfélaganna sé haldin spjaldskrá um allar kýr, sem gefa yfir meðaltalsfitumagn og nythæð.
- B. (13. gr.). Sambönd þau, sem um ræðir í 12. gr., njóta styrks úr ríkissjóði, sem nemur einni krónu á hverja reiknaða árskú innan sambandsins, ef það fullnægir eftirgreindum skilyrðum:
 - a. Haldi starfsmann, er lokið hefur prófi við búnaðarháskóla, eða aflað sér fræðslu í búfjárrækt og sannað við prófraun, er Búnaðarfélag Íslands ákveður og annast.
 - b. Að starfsmaður þessi hafi, auk forstöðu sinnar um eftirlit nautgriparéktarfélaganna, umsjón með starfandi fóðurbirgðafélagum á svæðinu, í samráði við Búnaðarfélag Íslands.
 - c. Hlýði bendingum ráðunauts Búnaðarfélags Íslands í nautgriparékt um eldi nautkálfa af beztu kynstofnunum og gefi kost á þeim til sölu úr héraði með sanngjörnu verði, að því leyti sem ekki er þörf fyrir þá innan sambandsins.

2. gr.

36 gr. laganna, sem verður 38. gr., orðist svo:

Ríkið skal stofna uppeldisstöð fyrir stóðhesta og lætur starfrækja hana undir umsjón og eftirliti Búnaðarfélags Íslands. Uppeldisstöðin skal starfrækt samkvæmt reglugerð, sem Búnaðarfélag Íslands setur og landbúnaðarráðherra staðfestir.

Þegar komið hefur verið upp tilraunabúi búfjárræktar undir umsjón atvinnudeildar háskólans, skal starfrækja uppeldisstöðina á því búi, ef aðstaða leyfir.

Ef hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands þekkir stóðhest, eldri en fjögurra vetra, sem eftir því sem vitað verður er ágætur kynbótagripur, og eigandi hans hefur ekki ástæður til að halda hann graðan, en fær ekki kaupanda að honum sem kynbótahesti, eða að hesturinn þykir svo ágætur, að sérstaklega þurfi að tryggja framtíð hans sem kynbótahests, þá er landbúnaðarráðherra rétt að láta kaupa hann fyrir ríkissjóðsfé, enda hafi hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands mælt með kaupunum. Skal þá Búnaðarfélag Íslands ráðstafa honum á sama hátt og öðrum stóðhestum ríkisins.

3. gr.

37. gr. laganna, sem verður 39. gr., orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands sér um, að sýningar á hrossum fari fram á öllu landinu á þrem árum, og sé landinu skipt í þrjú sýningarsvæði.

Sýningar þessar skulu vera tvenns konar, sveitasýningar og héraðssýningar, og haldnar sama árið á hverju svæði. Aðilar að framkvæmd þeirra eru:

1. Búnaðarfélag Íslands, er fer með framkvæmd búfjárræktarlaganna og leggur til oddamann í dómnefnd á héraðssýningarnar, sem skal vera ráðunautur þess í hrossarékt, nema forföll hanni, og skipar það þá annan mann í hans stað.

2. Búnaðarsambönd, sem:
 - a. í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt annast um og ákveða, hve margar sveitasýningar skuli haldnar innan sinna vébanda, og tilnefna oddamann í dómnefnd á þeim, og er hann ábyrgur gagnvart Búnaðarfélagi Íslands.
 - b. leggja til sýningarstað fyrir héraðssýningar, er sé afgirt og skipulegt svæði. Skal það gert í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt.
 - c. tilnefna sýningarstjórn á héraðssýningar, sem sé skipuð þrem mönnum. Hún sér um, að sýningin fari skipulega fram, aðstoðar dómnefndir og annast um aðra þátttöku sambandsins í sýningunni.
3. Sýslunefndir, er kjósa tvo menn í dómnefnd á héraðssýningar innan sinna vébanda.
4. Hrossaræktarfélag, eða þar, sem þau eru ekki, hreppabúnaðarfélag, sem útvega sýningarstaði fyrir sveitasýningar, eftir fyrirmælum búnaðarsambandanna, og tilnefna tvo menn í dómnefnd á þær.

Ríkissjóður veitir búnaðarsamböndunum styrk til að standast kostnað af sveitasýningunum, er nemur kr. 0.50 á hvert sýnt hross.

Til verðlauna á hverja héraðssýningu leggur ríkissjóður 10 aura fyrir hvert framfalið hross í sýningarumdæminu, en þó aldrei minna en kr. 250.00 til hvernar sýningar, enda séu þær ekki fleiri en ein í hverri sýslu, gegn jöfnu framlagi frá hlutaðeigandi sýslusjóði eða sýslusjóðum. Auk þess greiðir ríkissjóður kr. 20.00 til viðbótar hverju I. verðlauna hrossi. Sú kvöð fylgir I. verðlaunum á stóðhesta, að þeir skuli notaðir til undaneldis næstu 3 ár eftir að verðlaunin voru greidd. Heimilt er að verja allt að kr. 200.00 af ríkissjóðsfé á hverja héraðssýningu, til verðlauna á hrossin fyrir góða frammistöðu við þolprófun. Dómnefndarmönnum greiðist þóknun fyrir starf sitt úr sýslusjóði. Búnaðarfélag Íslands setur nánari reglur um framkvæmd þessara sýninga.

4. gr.

Á eftir 38. gr. laganna komi ný grein, sem verður 41. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan eftir því):

Landbúnaðarráðherra er heimilt að veita búnaðarsamböndum leyfi til að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og þolprófun sýndra hrossa á héraðssýningum, með skilyrðum, er ákveðin verði í reglugerð, sem ráðherra setur. Áskilja skal í reglugerðinni, að $\frac{1}{2}$ hlutar veðfjárins skuli endurgreiðast vinnendum, en $\frac{1}{2}$ þess skal varið til verðlauna á þeim hrossum, sem standa sig best í keppinni. $\frac{1}{3}$ fjárins fær búnaðarsambandið til að standast kostnað af sýningunum, og verði afgangur af því fé, skal honum varið til hrossaræktarstarfsemi sambandsins.

5. gr.

Á eftir VI. kafla laganna komi nýr kafli, sem verður VII. kafli og orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

93. gr.

Meðan greidd er verðstuðulsuppbót á laun starfsmanna ríkisins, skal greiða verðstuðulsuppbót á allar greiðslur samkvæmt þessum lögum. Skal verðstuðulsuppbótin reiknuð eftir þeirri vísitölu, sem notuð er við ákvörðun verðstuðulsuppbótar til starfsmanna ríkisins á hverjum tíma.

Greinargerð.

Á síðasta búnaðarþingi var meðal annars rætt um búfjárræktarlögin. Þær umræður leiddu til þess, að búnaðarþing samþykkti að leggja til við ríkisstjórn og Alþingi, að gerðar yrðu á þeim breytingar. Sendi það síðan landbúnaðarnefnd breytingartillögur sínar í frumvarpsformi til flutnings.

Landbúnaðarnefnd mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt, og flytur það óbreytt eins og búnaðarþing samþykkti það. Nefndin og einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til breytinga. Greinargerð búnaðarþings fer hér á eftir lítið eitt aukin:

Um 1. gr. Lagt er til, að tekið sé upp að styrkja nautgriparæktarfélag, er þau mynda með sér sambönd. Reynslan hefur sýnt, að með því næst fyrr árangur af kynbótastarfinu, ef fleiri félag starfa saman, en ef þau starfa hvert fyrir sig. Hins vegar verður starfið nokkru kostnaðarsamara, og hefur það staðið í vegi fyrir því, að slík sambönd hafi myndast almennt. Með 1. gr. frumv., sem ætlað er til, að verði 12. og 13. gr. laganna, er lagt til, að slík sambönd eigi rétt til aukastyrks, og þannig stutt að því, að þau fái fjárhagslegan grundvöll til að starfa á. Jafnframt eru sett skilyrði fyrir því, að styrkinn megi greiða, og á þann hátt skapaður rammi, er félagið starfar eftir.

Um 2. gr. (sem verður 38. gr. laganna): Þar sem íslenski hesturinn er svo frumstæður og víða lítt ræktaður, eiginleikarnir dreifðir og kynfastir stofnar sjaldgæfir, þá er nauðsynlegt að nota hinar öruggustu og fljótvirkustu aðferðir við kynbætur og ræktun hans. Sú aðferð, sem best uppfyllir þessi skilyrði, er uppeldis- og rannsóknarstöð fyrir stóðhesta. Svíar og Finnar hafa tekið þá aðferð í þjónustu sína og viðurkennt, að hún hafi gefið meiri árangur en nokkurn hafi grunað í fyrstu. Hestarnir eru keyptir eftir ættgöfgi og á unga aldri til stöðvarinnar, oftast folöld. Þeir eru aldrei upp þannig, að þeir nái sem fyllstum þroska, svo að útlitsgervið (fænotypen) verði í sem mestu samræmi við eðlisgervið (genetypuna). Samtímis eru eiginleikar hestanna rannsakaðir eins ýtarlega og kostur er á, t. d. eðli þroskans, hagnýting fódursins til vaxtar, viðhalds og vinnu, þrek, gangtegundir, lundarfar, taugastyrkleiki og möguleikar til að einbeita sér til átaka.

Það er ætlað til, að ríkið starfræki stöðina og eigi hestana, en síðan séu þeir leigðir hrossaræktarfélagum og einstaklingum gegn ákveðnu gjaldi. Það, sem mælir með því, að ríkið eigi hestana, er meðal annars það, að hrossaræktarfélagin losna við að leggja fé í dýra hesta og áhættuna, sem fylgir því að eiga þá. Þá er einnig auðvelt að færa þá til og hagnýta þá sem best. Það mundi fyrirbyggja, að einstaka úrvalshestar verði óheyrulega dýrir, jafnvel svo skipti tugum þúsunda króna, og folatollarnir hreinasta okur, eins og oft tíðkast erlendis.

Það er eðlilegast, að stöðin verði starfrækt í sambandi við atvinnudeild háskólans, bæði vegna þess, að þannig fæst best aðstaða til rannsókna, og það mundi verða kostnaðarmeira að starfrækja hana sjálfstætt.

Það er ætlað til þess, að hestarnir verði keyptir til stöðvarinnar á 2. vetri, og láta móðurmjólkina og hina íslensku náttúru fóstra þá fyrsta árið. Síðan eru þeir útskrifaðir af stöðinni fjögurra vetra gamlir. Ef keyptir væru 12—15 tvævetringar árlega, má búast við, að um 10 af þeim verði nothæfir. Sé meðalaldur hestanna áætlaður 14 ár, nægir það til að viðhalda 100 stóðhestum, sem geta gefið af sér 3—5000 folöld, eftir því hvernig þeir verða notaðir, en viðkoman nú er um 4500.

Um 3. gr. (sem verður 39. gr. laganna): Með tillögum þeim, sem hér liggja fyrir, er allveruleg breyting gerð á tilhögun hrossasýninganna.

Í fyrsta lagi er sýningarfyrrkomulagið, þar sem gert er ráð fyrir, að tvenns konar sýningar séu haldnar. Framkvæmd þeirra er þannig: Sýningar verði í vissum landshlutum árlega og farið um landið allt á þrem árum, eins og áður. Sýningarnar verða tvenns konar, þ. e. sveitasýningar, sem geta orðið allt að því í hverjum hreppi, og héraðssýningar, sem gert er ráð fyrir, að taki ekki yfir minna svæði en heila sýslu. Þá er gert ráð fyrir, að aðilar að þessum sýningum séu nokkuð aðrir en nú eru. Við höfum nú orðið allvíðtækan og sémilega skipulagðan búnaðarfélagsskap í landinu, þar sem eru hreppabúnaðarfélagin og sambönd þeirra. Sýnist því mjög eðlilegt, að þeim, ásamt Bf. Ísl., sé falin forusta í þessum málum, og enn fremur virðist bæði rétt og sjálfsagt, að hrossaræktarfélagin komi þar inn í sem starfsaðilar.

Sýslunefndunum er enn ætlað svipað hlutverk og verið hefur. Gert er ráð fyrir,

að þær leggi fram fé á móti ríkissjóði og leggi til tvo menn í dómnefnd, en hafi ekki frekari fyrirhöfn eða vanda af sýningunum, þar sem öll framkvæmd þeirra er falin búnaðarsamböndunum með aðstoð hrossaræktar- og búnaðarféлага.

Tilgangurinn með þessu tvöfalda sýningarfyrríkomulagi er aðallega tvenns konar, að ná til sem allra flestra sýningarhæfra hrossa, er valið sé úr til að mæta á héraðssýningunum, og svo hitt, að á héraðssýningarnar komi aðeins betri hrossin og ekki óhæfilega mörg, til þess að dómnefndin á þeim geti betur dregið fram beztu gripina og gert gleggri grein fyrir kostum þeirra.

Gert er ráð fyrir, að búnaðarsamböndin láti útbúa sýningarstað fyrir héraðssýningarnar, eftir tillögum og fyrirmælum ráðunauts Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt. Á sýningarstaðnum sé afgirt slétt svæði fyrir sýningargripina, þar sem fyrir sé komið útbúnaði til þess að festa þeim í skipulegum röðum.

Þá eru í öðru lagi fjárframlög til sýninganna.

Þar sem búnaðarsamböndin eiga að leggja til mann í dómnefnd á sveitasýningarnar og það virðist nauðsynlegt, að sami maður sé á öllum sveitasýningunum innan sama sambands, verður viðkomandi samband að greiða þessum dómnefndarmanni þóknun fyrir starf sitt. Hins vegar má ætla, að dómnefndarmenn þeir, sem tilnefndir verða innan búnaðarféлага eða hrossaræktarféлага og ekki er gert ráð fyrir, að mæti nema á einni sýningu, þurfi í flestum tilfellum ekki neina verulega þóknun fyrir starf sitt, en þurfi hún einhver að vera, er gert ráð fyrir, að viðkomandi aðilar sjái um það.

Til að mæta að einhverju þeim kostnaði, er búnaðarsamböndin verða fyrir vegna sinnar þátttöku í sveitasýningunum, er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði samböndunum kr. 0.50 — fimmtíu auru — fyrir hvert hross, sem sýnt verður á þeim.

Hér er um að ræða nýja fjárkröfu á hendur ríkissjóði, og mun því rétt að gera tilraun til að gera grein fyrir, hversu stór hún er eða getur orðið.

Í reglugerð um sýningar á hrossum, sem lögð verður fyrir búnaðarþing, er gert ráð fyrir, að sama hrossið mæti ekki nema einu sinni til tvisvar á sveitasýningu, og lágmarksaldur til þátttöku í þeim sé á hryssum 4 ár og hestum 3 ár. Af þessu leiðir, að þegar búíð er að fara eina umferð um allt landið með sýningarnar, er það lítið meira en viðhald þeirra hrossa, sem á sýningaraldri eru, er til greina getur komið við ákvörðun þessa fimmtíu auru tillags. Í fyrstu umferð verður það nokkru meira. Hryssur 4 vetra og eldri munu nú vera um 13 þúsund í landinu, og auk þess eru vitanlega nokkrir 3 vetra hestar ógeltir. Ekki þarf að gera ráð fyrir, að öll þau hross, sem á sýningaraldri eru, mæti á sýningunum. Mundi áreiðanlega vera vel í lagt að gera ráð fyrir, að af þessum 13 þús. komi ca. 12 þús. á sýningarnar, og það þó 3 vetra hestarnir yrðu líka látnir mæta vanhöldum.

Kostnaður ríkisins af þessu gæti þá, ef þátttakan yrði svo góð sem hér er gert ráð fyrir, orðið samanlagt fyrstu þrjú árin um 6000 kr. Úr því yrði hún samkvæmt áður sögðu miklu minni, árlegt viðhald 13—14 þúsund hrossa gæti ekki orðið yfir 8—10 hundruð og framlag ríkisins á ári þá 400—500 kr., sé meðalaldur hrossanna reiknaður ca. 15 ár.

Eins og í nágildandi lögum er í tillögunum gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram til héraðssýninga 10 auru á hvert framtalið hross í sýningarumdæminu, gegn jafnmiklu framlagi frá sýslusjóðum á viðkomandi stað, þó með þeirri breytingu, að lágmark til hvern sýningar verði kr. 250.00 í stað kr. 100.00, sem nú er í gildi. Með þessu ákvæði mætti ætla, að gerðar væru meiri kröfur á ríkissjóð en nú eru. Svo er þó ekki, þar sem í breytingartillögunni er lagt til, að sýningarnar verði aldrei fleiri en ein í sýslu, en samkvæmt nágildandi ákvæðum er heimilt að hafa fleiri sýningarstaði innan sömu sýslu, og þá skylt að leggja fram 100 kr. að lögum á hverja þeirra.

Samkvæmt nágildandi lögum greiðir ríkissjóður kr. 50.00 aukaframlag á hver I. verðlaun stóðhestanna. Síðast þegar haldnar voru hrossasýningar í Húnavatnssýslum, sem er hrossaflesta sýsla landsins, fengu 23 stóðestar I. verðlaun, og var því

aukaframlag þetta kr. 1150.00. Þar voru alls haldnar 6 sýningar. Í tillögugreininni er gert ráð fyrir, að þetta breytist í kr. 20.00 til viðbótar hverju I. verðlauna hrossi, en í sýningarreglum, sem lagðar verða fyrir búnaðarþing, er ákveðið, hvað verðlaunin skuli vera há, eða:

I. verðlaun allt að	kr. 40.00
II. verðlaun allt að	— 20.00
III. verðlaun allt að	— 10.00

Til þess að aukaframlagið með þessu fyrirkomulagi geti orðið eins hátt og á síðustu sýningu t. d. í Húnavatnssýslu, geta 57 hross fengið I. verðlaun, en það eru afar litlar líkur til þess, að svo verði, þar sem úrvalið verður miklu strangara en áður hefur tíðkast, og önnur fjárveiting setur takmörk fyrir því, hve mörg I. verðlaun verður hægt að veita.

Þá er ætlað til, að greidd verði jafnhá verðlaun á hesta og hryssur.

Það er lítil ástæða til að greiða hærri verðlaun á hesta en t. d. kr. 100.00 I. verðlaun, eins og ákveðið er í núgildandi lögum, bæði vegna þess, að viðurkenningin sjálf eykur verð hestsins til muna og hesturinn verður líklegur til að afla eigandanum töluverðra tekna. Þá eru þessar upphæðir mjög sæmileg verðlaun, og svo hafa stóðhestar möguleika til þess að fá tiltölulega há afkvæmaverðlaun, þegar hið virkilega kynbótagildi hefur verið sannað.

Að síðustu heimila breytingartillögurnar að veita allt að kr. 200.00 af ríkissjóðsfé á hverja héraðssýningu til verðlauna við þolprófun sýndra hrossa. Þetta er nýmæli, sem nauðsynlegt er að styðja sem mest, og verðlaunaveiting mundi hvetja bændur til að undirbúa hross sín til þátttöku í þeim.

Um 4. gr. (sem verður 41. gr. laganna): Það er algengt erlendis og þykir hin bezta skemmtun að hafa veðmálastarfsemi í sambandi við samkeppni milli hesta. Þessi starfsemi getur veitt þeim, sem að henni standa, allgóðar tekjur, og þar sem það er líklegt, að þetta innleiðist hér og breiðist út, er sjálfsagt, að þær stofnanir, sem vinna að framfaramálum búfjárræktarinnar og landbúnaðarins, fái aðstöðu til að njóta þessara tekna.

Veðmálin auka áhuga manna og eftirtekt á hrossunum, og sé veðféð takmarkað, er þetta ekki meira fjárglæfraspil en happdrættin, sem ýms félög efna oft til.

Um 5. gr. (ákvæði til bráðabirgða): Mestallt það fé, sem greitt er hinum ýmsu félagsgreinum, sem starfandi eru og styrks njóta samkv. búfjárræktarlögunum, er notað til kaupgreiðslu vegna eftirlits og skýrsluhalds í þessum félögum. Hingað til hafa þessi félög ekki getað greitt þessum starfsmönnum sínum svo viðunandi geti talið, og vitanlega verður það því ómögulegra nú, þegar allt kaupgjald í landinu hefur hækkað svo gífurlega sem nú er orðið.

Það verður því að líta svo á, að full nauðsyn sé að veita þessa uppbót, sem hér er farið fram á.